e AÖÍÍÍ rÚOÍ<l 'ÖWl'Khi .8 -• IX ÍM3IÁH

8 SÍÐA - ÞJÓÐVILJINN Helgin 7. - 8. maí 1983

Sveinn Björnsson
og Guðmundur Karl:

Hafnfirðingar á Kj ar valsstöðum
Tveir hafnfirskir málarar,
Sveinn Björnsson og Guð-
mundur Karl Ásbjörnsson opna
sýningar á Kjarvalsstööum í
dag. Stórar sýningar báðar: um
hundrað myndir á hvorri,
olíuverk og vatnslitamyndir.

Árni

Bergmann

skrifar

Fagur fiskur
í sjó
Sveinn Björnsson hefur oft og
víöa sýnt frá því hann kom af sjón-
um og fór að mála árið 1954. Eins
og oft áður eru myndir hans margar
stórar, efniviðurinn sóttur á haf út
eða ofan í sjó („kannski er ég með
blátt og grænt sálarlíf" segir hann
sjálfur). Kynjafiskar eru þar ýmis-
legir, en einnig sá frægi saltfiskur:
til dæmis á þeirri mynd sem stærst
er og sýnir fiskiþorp á bak við eins-
konar madonnu með saltfisk stór-
an í fangi. Þessa mynd kallar
Sveinn „Þjóðarhag".

Menn eru að segja, sagði Sveinn,
að þessar myndir mínar séu nýlisí
og kannski er eitthvað sameigin-
legt með þessum grófa impressjón-
isma mínum og því sem unga fólkið
er að gera núna. En ég skal þá bæta
því við, að þótt ég hafi stundum
þótt mála glannalega þá finnst mér
ég hafa leyfi til að kvarta yfir því,
að unga fólkið sumt sé heldur kæru-
laust í verki, hafi ekki næga sjálfs-
virðingu.
Eg fór snemma til sjós, segir
Sveinn, og sá tími hefur alltaf sett
svip sinn á það sem ég hefi gert.
Karl sem ég þekkti komst stundum
svo að orði að sér þætti „hryllilega
gaman" af að fást við vélar. Mér
þykir líka hryllilega gaman að mála
þegar ég byrja og hef gaman af því
að mála stórar myndir og helst
margar í einu.

Landslag
í hinum salnum á Kjarvalsstöð-
um er Guðmundur Karl Ásbjörns-
son. Guðmundur Karl er kennari í
Iðnskóla og hefur því sumrin til að
mála óskert - mætti því heita betur
settur með tíma en Sveinn, sem
hefur sína afkomutryggingu í lög-
reglunni:
Guðmundur Karl sýnir mest
landslagsmyndir og má fljótlega sjá
að hann er aðdáandi Ásgríms og
Kjarvals. Hann gerir talsvert af því
að mála svipuð mótíf hvað eftir

Sveinn Björnsson með kynjaskepnum (ljósm. eik)

Guðmundur Karl Ásbjörnsson: Ég er konseravatífur landslagsmálari.

annað „og leita þá að nýjum stem-
mingum" að því er hann segir sjálf-
ur. Nokkrar fantasíur eru á sýning-
unni, nokkrar sjávarplássmyndir,
fáeinar frá útlöndum - en það eru
fjöll, hraun og dalir landsins sem
„eiga svæðið". Og vinsældir lands-

lagsins sýnast ekki dvína, hvorki
hér né erlendis, segir Guðmundur
Karl.
Guðmundur Karl nam við lista-
skóla í Flórens í fjögur ár og lauk
einnig námi á Spáni í málverka-
viðgerðum. Fyrstu sýningu sína

hélt hann heim kominn í Bogasaln-
um 1966. Hann hefur og sýnt í
Þýskalandi á vegum Deutsches
Kulturwerk. Hann átti aðild að
Myndlistarfélaginu og tók þá þátt í
öllum samsýningum þess.
áb.

rrtstjórnargrein

Enginn sigurvegari, en D og G héldu velli

Kjartan

Nú þegar hálfur mánuður er
liðinn frá alþingiskosningum og
ríkisstjórn hefur enn ekki verið
mynduð, þá er ekki fjarri lagi að
líta svolftið nánar á úrslit alþing-
iskosninganna.
í þessum kosningum fór eng-
inn stjórnmálaflokkanna með
sigur af hólmi og sama má segja
um hin nýju stjórnmálasamtök,
sem nú fengu fulltrúa kjörna á
Alþingi.
Það er ekki sigur hjá Sjálfstæð-
isflokknum, þótt hann með naum-
indum bætti við sig einu þing-
sæti og fengi álíka útkomu og
hann hefur hlotið að jafnaði í
kosningum frá því kjördæma-
breytingin var gerð árið 1959.
Við skulum hér bera stuttlega .
saman útkomu flokkanna í kosn- •
ingunum nú og árangur þeirra í
þeim sjö alþingiskosningum, sem
áður höfðu verið háðar síðan nú-
verandi kjördæmaskipan var
tekin upp.

Sjálfstæðisflokkurinn
í kosningunum fyrir hálfum
mánuði fékk Sjálfstæðisflokkur-
inn 39,2% atkvæða yfir landið í
heild (atkvæði T-listans á Vest-
fjörðum þá talin með). í kosning-
unum 7 frá 1959 til 1979 fékk
Sjálfstæðisflokkurinn að meðal-
tali 38,2% atkvæða eða einu prós-
entustigi lægri tölu en nú. Á
þessu tímabili fór Sjálfstæðis-
flokkurinn tvisvar yfir 40%
mörkin. Það var í kosningunum
1963, þegar flokkurinn fékk
41,4% og í kosningunum 1974,

þegar flokkurinn fékk 42,7%.
Lægst fór Sjálfstæðisflokkurinn
hins vegar í kosningunum 1978,
er hann fékk aðeins 32,7% at-
kvæða.

Framsóknarílokkurinn

í aprílkosningunum nú fékk
flokkurinn 19% atkvæða, og eru
þá kjósendur BB lista í Norður-
Íandskjördæmi vestra taldir með.
í hinum sjö alþingiskosningum,
sem fram fóru á árabilinu 1959 til
1979 fékk Framsókn hins vegar
að jafnaði 24,9% atkvæða og sýn-
ir þessi samanburður best hvað
útkoma flokksins var í rauninni
hörmuleg nú að þessu sinni. f
þeim kosningum, sem háðar hafa
verið síðan kjördæmaskipaninni
var breytt árið 1959, þá var fylgi
Framsóknarflokksins mest í
kosningunum 1963 þegar það
náði 28,2% og var þarinig um
50% meira en nú. Aðeins einu
sinni áður hefur Framsóknar-
flokkurinn farið niður fyrír 20%
mörkin, en það var í kosningun-
um 1978, þegar fylgi flokksins
hrapaði niður í 16,9% eftir fjög-
urra ára setu í ríkisstjórn Geirs
Hallgrímssonar.

Það vekur líka sérstaka at-
hygli, þegar skoðuð er staða
Framsóknarflokksins, að á
suðvesturhomi landsins þar sem
búa 60% þjóðarinnar, í Reykja-
vík og í Reykjaneskjördæmi, þá
hefur flokkurinn aðeins einn
þingmann.
Fylgi Framsóknarflokksins í
Reykjavík, þar sem Ólafur Jó-
hannesson hefur yerið leiðtoginn

síðustu ár er komið niður í 9,4%,
en var 14,2% að jafnaði í þing-
kosningum á árunum 1959-1979.

Alþýðuflokkurinn
Fylgi Alþýðuflokksins hefur
verið sveiflukenndara en fylgí
annarra flokka nú hin síðari ár. í
kosningunum nú í apríl fékk
flokkurinn 11.7% atkvæða yfir
landiðíheild. Ikosningunumsjö,
frá 1959 til 1979, var fylgi flokks-
ins töluvert hærra að jafnaði, eða
14,9%. í tvennum kosningum
hefur Alþýðuflokkurinn farið
neðar en nú. Fyrst í þingkosning-
unum 1971, eftir 12 ára setu í
„viðreisnarstjórninni" með Sjálf-
stæðisflokknum, en þá hlaul
flokkurinn 10,5% atkvæða. Enn
lækkaði svo gengi flokksins i
næstu kosningum á eftir, sem
háðar voru árið 1974, en þá fór
Alþýðuflokkurinn lægst og hlaut
aðeins 9,1% atkvæða. - Mest
fylgi á þessu tímabili hlaut Al-
þýðuflokkurinn hins vegar í al-
þingiskosningunum árið 1978 og
komst í 22% og 14 þingmenn. -
Nú fimm árum síðar hefur Al-
þýðuflokkurinn tapað 8 af þess-
uih 14 þingmönnum, en 6 standa
eftir. Hér að ofan var bent á,
hversu lítið afl Framsóknar-
flokksins sé á höfuðborgarsvæð-
inu. Ekki er síður athyglisvert
hversu bág staða Alþýðuflokks-
ins er víðast hvar úti um landið,
en nú er svo komið að Alþýðu-
flokkurinn á engan þingmann
austan Hellisheiðar og Hrúta-
fjarðarár. .

Alþýðubandalagið
í kosningunum þann 23. apríl
s.l. fékk Alþýðubandalagið
17,3% atkvæðayfirlandiðíheild,
en í kosningunum sjö frá 1959 til
1979 var fylgi flokksins að jafnaði
18,2%. í öllum kosningunum á
þessu árabili hefur fylgi flokksins
verið á milli 15 og 20%, nema í
sigurkosningunum miklu þegar
það fór upp í 22,9%. Reyndar er
það svo að í öllum kosningunum
frá árinu 1942, þá hefur fylgi Al-
þýðubandalagsins og áður Sósíal-
istaflokksins verið á milli 15 til
20% að undanskildum kosning-
unum 1978. Þótt fjórir áratugir
séu langur tími í einni mannsæfi,
þá skyldu menn samt varast að
halda að hér sé eitthvert lögmál á
ferðinni, sem ráði fylgi Alþýðu-
bandalagsins. Þvert á móti sýndu
kosningarnar 1978 að það er hægt
að brjótast upp úr 20% þakinu og
auðvitað gæti það líka gerst sé
slælega að málum staðið, að Al-
þýðubandalagið félli niður úr
15% botninum. En kosningarnar
nú voru sem sagt nálægt því að
skila meðalútkomu fyrir Alþýðu-
bandalagið.

Nýju framboðin
Sumir hafa viljað telja Banda-
lag jafnaðarmanna og Samtök
um kvennalista sigurvegara í ný-
liðnum kosningum. Slíkt er hæp-
ið mat. Það hefur alloft gerst áður
á síðustu áratugum, að smáflokk-
ar hafa fengið menn kjörna í ein-
um kosningum eða fleiri án þess
það hefði nein varanleg áhrif á
flokkaskipanina. Hér hefur eng-
inn nýr flokkur brotist í gegn til
verulegra og varanlegra áhrifa

Olaffsson

skrifar

síðan Sósíalistaflokkurinn vann
sinn mikla kosningasigur árið
1942 og hlaut 18,5% atkvæða og
10 þingmenn. Síðan þá hefur
flokkaskipanin verið óbreytt á Is-
landi í öllum aðalatriðum og svo
er enn.

Kvennaframboðið vann góðan
sigur í borgarstjórnarkosningum
í Reykjavík í fyrra og fékk kjörna
tvo borgarfulltrúa út á 10,9% at-
kvæða. í alþingiskosningunum
nú í apríl fengu Samtök um
kvennalista mun minna fylgi í
Reykjavík eða 8,4%. Þannig
hafði tapast í Reykjavík nær
fjórði hver kjósandi á þessu eina
ári. Og á Akureyri fékk Kvenn-
aframboðið 17,4% fylgi í bæjar-
stjórnarkosningunum í fyrra, en
Samtök um kvennalista fengu
hins vegar aðeins 5,8% í Norður-
landskjördæmi eystra í þingkosn-
ingunum nú. Slíkt er ekki sigur.

Vilmundarbandalagið fékk
fjóra menn kosna á þing að þessu
sinni, einum fleiri en Kvennalist-
arnir. Það kann að sýnast nokkuð
góð útkoma, en sker þó ekki úr
urn, eitt eða neitt og framtíðin
óviss. Við skulum minnast þess,
að Samtök frjálslyndra og vinstri
manna fengu 8,9% atkvæða í
þingkosningunum 1971 og 5 þing-
menn kjörna, en Vilmundur fékk
7,3% nú og fjóra menn. Samtök
frjálslyndra hröpuðu svo niður í 2
þingmenn strax í næstu kosning-
um og dóu síðan út. Við viljum
ekki hafa uppi neinar hrakspár
Vilmundi til handa, en vafamál
hlýtur það að teljast hvort flokk-
ur hans sé lífvænlegri en samtök
Hanniþals og félaga á sínum
tíma.

Það eitt er ljóst að tilkoma
hinna nýju smáflokka á Alþingi
gerir stjórnarmyndun án Sjálf-
stæðisflokksins mun erfiðari en
ella, og er það þó trúlega ekki
það sem flestir kjósendur V og C
listanna stefndu að. _i<